

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1146 Háafell ehf. Nauteyri	Hnífsdalsbryggju 410 Hnífsdalur				
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	13.9.2024	13.9.2024	10	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 1 skoðunatriða af 14. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 1 skoðunatriði, þar af 1 Alvarleg frávik og 0 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik

Frávik

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Niðurstaða eftirlits

Þann 3. september 2024 var verið að flytja seiði úr B húsi seiðastöðvar Háafells á Nauteyri í Ísafjarðardjúpi yfir í C1, nýtt seiðaeldisshús Háafells. Fiskurinn var fluttur um flutningslögn sem hafði verið grafin í jörð á milli húsanna og stór dæla notuð til þess að fleyta fiskinum á milli. Á flutningslögninni er drenlagn út frá lægsta punkti og krani til að opna og loka drenlagnina er ofanjarðar. Drenlagnin liggur niður í fjöruborð.

Dæling hófst kl. 11:45 en var stöðvuð um 5. mínútum síðar þegar í ljós kom að krani á drenlagn var ekki að fullu lokaður. Fiskur hafði farið um opinn kranann og niður í fjöru.

Fyrirtækið virkjaði viðbragðsáætlun vegna stroks strax og setti út net. Starfsmenn Háafells náðu að tína upp seiði sem voru eftir í drenlagninni og seiði sem sprikkluðu í fjöruborðinu. Um 50 seiði náðust í net. Alls náðu starfsmenn Háafells 2.560 seiðum.

Þrátt fyrir viðbrögð starfsmanna er talið að um 150 seiði muni hafa komist í sjó fram. Seiðin voru um 120g að stærð og sjógönguhæf.

Ekki var strokvörn á drenlagninni sem liggur niður í fjöruborð en strokvörnin hafði verið í undirbúningi og var henni komið fyrir strax að loknu atvikinu.

Fyrirtækið hefði mátt standa betur að undirbúningi flutnings seiða á milli húsa og hefði átt að vera búíð að koma fyrir strokvörn á drenlagn áður en flutningur hófst. Matvælastofnun lítur á þetta sem alvarlegt frávik.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Háafell ehf. Nauteyri
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur
Staða: Í gildi
Kennitala: 5201993149

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð

Tengiliðir

Ingibjörg Kristjánsdóttir

8464104

ingibjorgk@frosti.is

Gæðastjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 13.09.2024

Alvarlegt frávik

Ekki var strokvörn á nýrri drenlögn sem liggur úr nýrri flutningslögn á milli B og C húss.

Karl Steinar Óskarsson
karl.oskarsson@mast.is
Deildarstjóri fiskeldis
530-4800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.